

# Nauðsyn neyðarþjónustu

Ég, sem þessar línur rita, vil gjarnan leggja nokkur orð í belg um nauðsyn þess, að þeir, sem veikjast á geði og hafa sálræn vandamál við að stríða, eigi þess kost að fá hjálp án tafar.

Þegar svokölluð veiklun á geðheilsu (eða taugaveiklun) kemur fram hjá fólki í fyrsta sinn, verður sá sem fyrir því verður undrandi og felmtri sleginn yfir því sem er að ske. Seinna kemur svo hræðsla og kviði, þegar bati lætur standa á sér.

Á þessu stigi finnst mér að mjög brýnt sé að geta komist í samband við einhvern sem skilning hefir á þessum veikindum. Því miður eru þessi veikindi oft svo hörmulega misskilin.

Ég hefi sjálf gengið í gegnum þessa reynslu, þá aðeins 18 ára gömul. Eins og gengur undirgekkst ég margskonar rannsóknir á líkama og sál, sem lítið fékkst út úr. En meðul fékk ég, sem mér fannst ég ekki alltaf hafa gott af.

Ég vissi ekki hvað þetta var, sem þjáði mig svo mjög. Það var of lítið talað við mig. Læknarnir voru of fjarlægir, þannig að ég fékk minnimáttarkennd og mér fannst eins og veikindi mín væru eitthvað sem ekki mátti ræða við mig. Þó er ég þess fullviss að þeir læknar sem ég leitaði til, voru ágætir menn og vildu vel.

Mín reynsla er sú, að meðul eigi ekki alltaf við ef um veiklun af þessu tagi er að ræða, heldur

viðtöl og aðstæður séu athugaðar.

Eftir 14 ára baráttu var ég mjög illa farin, ég treysti mér ekki til að lýsa þeirri vanlíðan, um það eru engin orð til, en þegar ég hugsa til þessa tímabils, þá finnst mér að ekkert hafi verið eftir nema að hætta að draga andann.



En þá er sóttur til mín læknir, sem tekur veikindi mín öðrum tökum. Hann gefur sér nógan tíma, ræðir við mig um ástandið og hjálpar mér á ýmsan hátt með ráðleggingum, viðtölum, fór með mig í ökutúra og kom heim til mín ef með þurfti.

Hann áleit að gott yrði fyrir mig að breyta um umhverfi, þótt ég ætti gott heimili og góða að, og komst ég þá á sérstakt ágætisheimili, þar sem mér var tekið mjög vel og tel ég að það hafi

hjálpað mér mjög mikið. Það tók þó nokkuð langan tíma að ná góðri heilsu aftur, enda hafði ég verið svo mikið veik lengi, að það hefir trúlega haft sin áhrif. Og alveg fullan bata hefi ég ekki fengið, en hefi þó ennþá von um það, eftir 44 ár.

Ég held að neyðarþjónusta hefði getað hjálpað mér mikið á sínum tíma, þegar þetta öryggisleysi og mikla vanlíðan, sem ekki er hægt að lýsa, kom yfir mig. Ég á við að hægt væri að hringja á einhvern stað, þar sem hægt er að tala við fólk sem hefir þekkingu og skilning á þessum sjúkdómi og að það væri hægt að hringja á hvaða tíma sólarhrings sem er. Einnig væri gott að geta fengið heimsókn í þessum tilfellum.

Slík þjónusta gæti vissulega bjargað mörgu mannlífum. Þessi þjónusta myndi áreiðanlega hjálpa til að leysa mikinn vanda. Hún myndi hjálpa mörgum til að geta verið heima, sem annars lenda inni á stofnunum. Mín persónulega skoðun er sú, að þar ætti fólk ekki að þurfa að dvelja nema brýna nauðsyn beri til og að innlagn í ótíma geti jafnvel haft neikvæð áhrif á einstaka tilfelli, þótt ég viti að sjúkrahúsin eru nauðsynleg og hjálpa svo mörgum.

Ég lit á neyðarþjónustu sem eitthvert albrýnasta verkefni innan geðheilbrigðismála eins og stendur. Bæði fyrir aðstandendur og sjúklinga.